

RARIK
Dvergshöfða 2
110 Reykjavík

Garðabær, 11. september 2025
202501-0140/P.V.B.
10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - 33kV strenglögn innan Vatnajökulspjóðgarðs

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn RARIK, dagsett 27. Janúar 2025 með viðbótargögnum dagsett 3. mars 2025 10:44:58, um leyfi til framkvæmda innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Samkvæmt 14. gr. laganna er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi og menningarminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu tveggja rafstrengja innan Vatnajökulspjóðgarðs. Strengurinn lægi frá aðveitustöð í landi Lindarbrekku að Grímsstöðum með viðkomu við áningarstað ferðamanna við Dettifoss. Strengleiðin mun fylgja að mestum hluta Dettifossvegi 862 og verður strenglögnin á röskuðu svæði á mörkum veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar vestan megin við veginn. Kort sem sýnir þá leið sem strengirnir yrðu lagðir í fylgdi með umsókn. Strengurinn yrði plægður í jarðveg niður á 90-100 cm dýpi með aðvörunarborða ofan á strengjum en hælur yrðu settir með ákveðnu millibili. Við lagningu strengsins yrði þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Áætlaður framkvæmdartími yrði 12 vikur sumarið 2026. Að verkinu kæmu 2-4 starfsmenn með jarðýtu, faratæki sem myndi flytja strengkeflið og beltgröfu.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Strengleiðin er á röskuðu svæði á mörkum veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar við Dettifossveg 862 og veg 886. Mikil umferð er um báða þessa vegi yfir sumartímann og því ólíklegt að framkvæmdin trufla fuglalíf umfram það sem umferð gerir nú þegar. Leitast skal við að valda eins litlu raski í landi, bæði innan þjóðgarðsmarka sem og í næsta nágrenni hans.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir RARIK fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Vatnajökulsþjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. júní 2026-31. október 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- **Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki/verktökum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.**
- **Upphaf framkvæmda innan þjóðgarðsins skal fara fram í samráði við þjóðgarðsvörð.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir veg skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjöld vegna leyfisveitinga og samninga skv. 2. mgr. 21. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007. Gjöldin eru innheimt samkvæmt reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu nr. 324/2025. Gjald fyrir útgáfu leyfa er 50.000 kr. sbr. gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs nr. 324/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsfólki Náttúruverndarstofnunar Greitt skal fyrir það eftirlit skv. gjaldskrá.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Guðrún Jónsdóttir
þjóðgarðsvörður